



KENNARASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Ársæll Guðmundsson
Formaður aðgerðarhóps um námstíma
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 4,
150 Reykjavík

Reykjavík 3.12.2014.

Efni: Tillögur um aðgerðaráætlun um námstíma

Eftirfarandi eru tillögur Kennarasambands Íslands um helstu þætti og álitamál vegna aðgerðaráætlunar um námstíma. Þær helstu eru reifaðar stuttlega í upphafi og því næst greindar niður á þær fjórar meginstoðir sem tilgreindar eru og verkefnahópur um námstíma vinnur með. Á eftir þeim er síðan að finna greinargerð með nánari rökstuðningi.

Hagsmunir nemenda eru:

1. sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla
2. fjölbreyttara stúdentspróf
3. nám að loknu starfsnámi
4. að efla ráðgjöf og stoðkerfi á grunn- og framhaldsskólastigi
5. að kostnaður námsgagna verði afnumin

Kí leggur áherslu á að horft verði á öll skólastigin í heild og að gott samræmi sé í uppbyggingu og tengslum þeirra. Kí telur mjög mikilvægt að 10 punkta samkomulagið frá 2006 verði haft í forgrunni í vinnu verkefnahóps um námstíma, sbr. það sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands 22. maí 2013 að horft verði aftur til 10 punkta samkomulagsins frá 2006 um þróun menntakerfisins, aukin gæði menntunar og samfellu milli skólastiga. Í samkomulaginu frá 2006 voru settar fram ýmsar tillögur um úrbætur á menntakerfinu með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þær helstu snérust um sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla, fjölbreyttara stúdentspróf, nám að loknu starfsnámi og mikla eflingu ráðgjafar- og stoðkerfis bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Sú vinna sem ráðist var í samkvæmt samkomulaginu og afrakstur hennar koma fram í menntalögum 2008 og aðalnámskrám 2011. Kí bendir á að sú menntastefna sem lögð var í lögum og aðalnámskrám hefur ekki enn komist til framkvæmdar og telur mjög mikilvægt að henni sé fylgt markvisst eftir. Sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð.

Kí telur eðlilegt að horft verði til fyrrgreindrar vinnu nú og skólar fái svigrúm til að útfæra námsbrautir og námsinnihald á sínum forsendum. Í álit menntamálanefndar Alþingis um frumvarp að lögum um framhaldsskóla dags. 9. maí 2008 var sérstaklega áréttað mikilvægi þess að nám til stúdentsprófs leiði ekki til skerðingar á gildi þess í sama streng tók Háskóli Íslands í umsögn um lögina. Sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð.



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Tilögur KÍ um þær fjórar meginstoðir sem verkefnahópur um námstíma vinnur með

1. Endurskipulagning námstíma

Við endurskipulagningu á námstíma nemenda til stúdentsprófs leggur KÍ ríka áherslu á að ekki megi draga úr gæðum náms og skólar eru og eiga að vera jöfnunartæki. Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og aðalnámskrám beggja skólastiga frá 2011 er gert fyrir nánari tengslum milli skólastiga en nú er. KÍ leggur áherslu á að innihald náms í framhaldskólum verði ekki rýrt frá því sem nú er og það verði áfram samhlíða undirbúningur undir frekara nám sem og almenn, fjölbreytt menntun.

KÍ bendir á að samkvæmt núverandi námskrá geta þeir nemendur sem ljúka grunnskóla með framúrskarandi hæfni innritast á annað þrep í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Að sama skapi telur KÍ mikilvægt að þeir nemendur sem ljúka grunnskóla með góðri eða sæmilegri hæfni hefji nám sitt í þessum greinum á fyrsta þrepi í framhaldsskóla og loks að þeir nemendur sem ekki ljúka grunnskóla með tilskildum árangri taki aðfararnám áður en hið eiginlega framhaldsskólanám hefst allt eftir undirbúningi og getu hvers og eins. Þá lítur KÍ svo á að nemendum á starfsbrautum eigi skilyrðislaust að standa til boða fjögurra ára nám.

2. Innviðir framhaldsskólans

Lögin frá 2008 og aðalnámskráin gera ráð fyrir að einstakir framhaldsskólar geti skipulagt og boðið upp á nám samkvæmt sinni sérstöðu og áherslum. Þeir geti sérhæft sig og byggt upp þekkingu á mismunandi sviðum og lagt sig fram um að þjóna mismunandi hópum nemenda. Í framhaldsskólum er að finna góða þekkingu á þörfum þeirra sem skólarnir þjóna, og því mikilvægt að þeir gætu skipulagt nám sitt samkvæmt því og nýtt þá reynslu og þekkingu sem þeir hafa á þörfum þeirra nemenda sem þeir sinna. Þá leggur háskólastigið áherslu á að inntak stúdentsprófs verði ekki rýrt á neinn hátt.

Þá gerðu lögin ráð fyrir aukinni þjónustu við sífellt breiðari nemendahóp sem í framhaldsskólana leitar og að þeim sé tryggt jafnræði. Lögin leggja mikla áherslu á rétt nemenda á náms- og starfsráðgjöf, fjölbreytt námsframboð og ýmiss konar aukna þjónustu við nemendur. Jafnframt gera lögin ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna og aukna heilbrigðisþjónustu. Mat KÍ er að við gerð aðgerðaráætlunar um námstíma í framhaldsskóla þurfi að fara yfir þá þætti sem áttu að stuðla að því að setja nemandann í forgrunn og skoða hvað hefur gengið eftir og hvað ekki. KÍ telur mjög mikilvægt að þeim atriðum sem hafa setið eftir sé komið til framkvæmdar.



KENNARASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

3.-4. Brotthvarf og samfélagslegir þættir

Kí telur ekki fyrir séð að brotthvarf úr framhaldsskólum muni minnka með styttingu námstíma. Þvert á móti má sjá merki þess gagnstæða. Í nýlegri úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík kemur fram að brotthvarf við skólann hafi aukist eftir að námstími var stytur og námi þjappað saman þrátt fyrir að meirihluti nemendahópsins hafi lokið grunnskóla með framúrskarandi árangri. Eins nefna margir viðmælendur í þeirri úttekt að aukið álag fylgi styttingu námstíma og samþjöppun náms, og álag væri mikið á nemendur og vinnudagur þeirra langur. Í úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ kemur fram að þrátt fyrir mikla áherslu á nýja kennsluhætti sé brotthvarf mjög mikið og raunar með því mesta úr íslenskum framhaldsskólum.

Í nýrri sameiginlegri [skýrslu Eurydice og Cedefop](#) stofnananna um brotthvarf úr skólum í Evrópu kemur skýrt fram að til að vinna gegn brotthvarfi er nauðsynlegt að skima nemendur í brotthvarfsáhættu strax í grunnskólum og í þeim löndum sem bestum árangri hafa náð í að draga úr brotthvarfi hefur verið unnin heildstæð stefna þvert á skólastig til að takast á við brotthvarf. Flest Evrópulönd telja virka leiðsögn snemma á skólagöngu um náms- og starferil mikilvægan þátt í forvörnum gegn brotthvarfi og eina bestu aðferðina til að minnka brotthvarf.

Kí telur ástæður brotthvarfs og þess að margir nemendur ljúka ekki námi í framhaldsskólum á eðlilegum tíma megi rekja bæði til samfélagslegra þátta og þess að skólum hefur ekki verið gert kleift að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemendahópa svo að fleiri nemendur ljúki námi í framhaldsskóla á tilsettum tíma í samræmi við menntastefnuna frá 2008.

Kennarasambandið áskilur sér rétt til frekari umfjöllunar á síðari stigum

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands,

Guðríður Arnardóttir formaður Félags framhaldsskólakennara

Ólafur Loftsson formaður Félags grunnskólakennara

Ólafur H. Sigurjónsson formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Greinargerð með tillögum

Árið 2006 gerðu Kennarasamband Íslands og menntamálaráðherra með sér svokallað 10 punkta samkomulag um umbætur í menntamálum sem áttu að stefna að sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námskipunar skólastiganna.

Við tók vinna í mörgum og fjölskipuðum starfshópum um; heildarendurskoðun kennaramenntunar, almenna námsbraut í framhaldsskólum og efstu bekki grunnskólans, fjar- og dreifnám, endurmenntun kennara, náms- og starfsráðgjöf, starfsnám, sveigjanleika og fjölbreytni í námi í grunnskóla og framhaldsskóla og unnið var að endurskoðun laga allra skólastiga. Afrakstur þessarar vinnu varð síðan grundvöllur að nýjum lögum um kennaramenntun og nýrra laga fyrir öll skólastigin sem voru útfærð í nýjum aðalnámskrám fyrir öll skólastigin árið 2011.

Megintilgangur framhaldsskólalaganna nr. 92/2008 var að styrkja framhaldsskólastigið í íslensku menntakerfi og tryggja að gott samræmi væri í uppbyggingu þess og tengslum við önnur skólastig.

Í greinargerð með lagafrumvarpi frá 2008 segir frumvarpið miða að því að:

- að réttur nemenda til skólavistar og náms verði styrktur m.a. með fræðsluskyldu stjórnvalda til 18 ára aldurs,
- að gildi stúdentsprófs sem undirbúnings fyrir háskólanám verði óskorað, en framhaldsskólum gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað inntak og skipulag náms varðar,
- að skipulag skólastarfs miðist við kröfur og væntingar nemenda, þar sem sveigjanleiki námsskipulags verði stórukinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi og þar með draga úr brottfalli,
- að efla ráðgjöf og stuðning við nemendur og taka upp framhaldsskólapróf sem byggt verði á sérstökum námsbrautum,
- að veita framhaldsskólum frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggjast á sérstöðu þeirra og styrkleika og eftirspurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum,
- að draga úr miðstýringu á námsframboði og í námskrángerð,
- að fela menntastofnunum aukna ábyrgð á að þróa námsframboð á mörkum skólastiga til að auka sveigjanleika og möguleika nemenda við flutning þeirra milli skólastiga,

Ennfremur að einstakir framhaldsskólar geti haft hver sína sérstöðu. Þeir hafi sérhæft sig og byggt upp þekkingu, færni og getu á mismunandi sviðum og lagt sig fram um að þjóna mismunandi hópum nemenda. Í framhaldsskólum sé að finna góða þekkingu á þörfum þeirra sem skólarnir þjóna, og það sé æskilegt að nýta þá þekkingu um leið og sköpuð eru skilyrði fyrir því að þessum þörfum sé betur mætt. Þá eru sveigjanleg skil skólastiga talin mikilvæg bæði milli grunn- og framhaldsskóla og framhaldsskóla og háskóla.



KENNARASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Með framhaldsskólalögunum frá 2008 var innleidd ný gerð eininga til að meta nám á framhaldsskólastigi. Tilgangur nýs einingakerfis átti að vera til að auðvelda grunnskólanemendum að fá nám á framhaldsskólastigi sem þeir leggðu stund á samhliða námi í grunnskóla metið óháð því í hvaða framhaldsskóla þeir innrituðust.

Ein meginbreyting sem lögin áttu að hafa í för með sér var mismunandi námstími til námsloka í framhaldsskólum. Framhaldsskólar áttu við gerð námsbrautarlýsinga til stúdentsprófs, að tryggja að meginbreyting stúdentsprófsins væri við haldið og jafnframt því leitast við að marka sér sérstöðu og byggja á þeim sérstöku gæðum sem sérhver framhaldsskóli réði yfir. Þetta er í samræmi við stefnumörkun í skólastefnu KÍ þar sem lögð er áhersla á að fjölbreytni ríki í skólagæðum og stefnu skóla, námsleiðum, kennsluaðferðum, námsaðferðum og námsgögnum. Sú hugsun bjó alltaf að baki framhaldsskólalögunum að framhaldsskólar gætu boðið upp á fjölbreyttara stúdentspróf meira en 200 feiningar eftir hvert innihald námsins átti að vera.

Þess vegna var ekki tilskilinn einingafjöldi til stúdentsprófs skilgreindur í lögunum heldur leitast við að skapa framhaldsskólum svigrúm til að gera tillögu um uppbyggingu, skipulag og inntak náms til stúdentsprófs. Markvisst var stefnt að því að aukinn sveigjanleiki og fjölbreyttara námsframboð á námsbrautum til stúdentsprófs mundi leiða til þess að fleiri lykju námi á skemmri tíma, en einnig að námstími gæti verið hinn sami eða jafnvel lengri. Þá var að endingu mörkuð sú stefna að íslenskt stúdentspróf skyldi eftir sem áður að lágmarki svara til þeirra krafna sem gerðar væru til undirbúnings háskólanáms á Norðurlöndum, þ.e. í þeim ríkjum sem Íslendingar eiga mest samskipti við á sviði menntamála.

Í nefndarálitni menntamálanefndar Alþingis dags. 9. maí 2008 sem fylgdi frumvarpi til framhaldsskólalaganna áréttaði nefndin sérstaklega mikilvægi þess að gildi náms til stúdentsprófs yrði ekki skert með lögunum heldur væri tilgangur þess að styrkja stöðir stúdentsprófs sem undirbúnings fyrir nám á háskólastigi. Stúdentsprófið ætti áfram að hafa þá stöðu að veita almennt aðgang að háskólanámi og að með frumvarpinu hafi skólarnir jafngóða eða betri aðstöðu til að bjóða nemendum jafngilt og sambærilegt nám og áður.

Af hálfu háskóla hefur sú afstaða komið fram, að undirbúningur fyrir háskólanám eigi að felast í góðu almennu námi. Því til viðbótar þurfi staðgóða þekkingu á þeim sviðum og í greinum sem tengdar eru þeim námsgreinum sem nemendur leggja stund á. Í umsögn frá Háskóla Íslands dags. 22. janúar 2008 um frumvarp til framhaldsskóla kemur skýrt fram sú meginafstaða að inntak stúdentsprófs verði ekki rýrt á neinn hátt.

Í aðalnámskrám fyrir grunn-, leik- og framhaldsskóla sem komu út árið 2011 er enn hnykk á fyrirhugaðri samfellu milli skólastiga með sameiginlegum inngangsköflum. Í aðalnámskrá er skilgreint á hvaða þrepi náms í framhaldsskóla nemendur hefja nám sem er mismunandi, allt eftir hæfni hvers og eins úr grunnskóla.



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar dags. 22. maí 2013 kemur fram á að ríkisstjórnin hyggist leggja áherslu á að taka upp samstarf við hagsmunaaðila í menntamálum um þróun menntakerfisins og aukin gæði menntunar og að horft verði aftur til 10 punkta samkomulagsins frá 2006 um fyrirmynd samstarfsins. Með samstarfinu verði einnig leitað leiða til að stytta nám að háskólastigi og auka samfellu milli skólastiga.

Kí telur að ekkert bendi til að brotthvarf úr framhaldsskóla minnki með styttingu náms. Þvert á móti má sjá merki þess gagnstæða. Bæði Kvennaskólinn í Reykjavík og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ starfa eftir nýrri aðalnámskrá. Í úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í febrúar 2014 kemur fram að brotthvarf hafi aukist eftir að námstími var stytstur þrátt fyrir að meirihluti nemendahóps hafi lokið grunnskóla með framúrskarandi árangri. Eins nefna margir viðmælendur í þeirri úttekt að aukið álag fylgi styttingu námstíma, mikið álag sé á nemendum og vinnudagurinn langur. Í úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2013 kemur fram að mikil áhersla er lögð á nýja kennsluhætti í anda nýrrar aðalnámskrár en þrátt fyrir það er brotthvarf mjög mikið og raunar með því mesta úr íslenskum framhaldsskólum.

Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar frá 2010 „[Brottfall úr námi hjá 16 - 20 ára á Norðurlöndum](#)“, segir að ástæðu brottfalls sé ekki að leita innan framhaldsskólans heldur sé meginástæða brotthvarfs lélegur árangur í upphafi skólagöngu, ekki hvað síst skortur á félagsfærni og dræm þátttaka í skólalífinu. Að mati norska menntamálaráðuneytisins er orsök brotthvarfs í framhaldsskólum í Noregi ekki að finna í framhaldsskólunum sjálfum heldur í því að nemendur komi ekki nógu vel undirbúnir upp úr grunnskólunum. Það er löngu þekkt staðreynd að einkenni brottfalls verða til snemma á skólagöngu í grunnskóla.

Í nýrri sameiginlegri skýrslu Eurydice og Cedefop stofnananna um brotthvarf úr skólum í Evrópu kemur skýrt fram að til að vinna gegn brotthvarfi er nauðsynlegt að skima nemendur með brottfallsáhættu í huga strax í grunnskólum og að í þeim löndum sem bestum árangri hafa náð hefur verið unnin heildstæð stefna þvert á skólastig til að takast á við brotthvarf. Flest Evrópulönd telja virka leiðsögn snemma á skólagöngu um náms- og starfsferil mikilvægan þátt í forvörnum nemenda og eina bestu aðferðina til að minnka brotthvarf. Mikilvægt er að fjölbreytt ráðgjöf standi nemendum til boða og þeir geti fengið leiðsögn náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérfræðinga úr atvinnulífinu. Þannig gegnir atvinnulífið einnig mikilvægu hlutverki í þjálfun og stuðningi starfsfólks skóla við að skipuleggja leiðsögn.

Kí telur hátt brottfall og of hæga námsframvindu í framhaldsskólum megi hvort tveggja rekja til samfélagslegra þátta. Kí telur að stytting námstíma og möguleg skerðing á innihaldi námsins muni ekki vinna gegn þeim vanda sem margir nemendur í framhaldsskólum eiga við að etja. Brotthvarf úr framhaldsskólum endurspeglar samfélagið utan veggja skólanna. Hér má nefna litla skuldbindingu nemenda í námi sínu, lífsgæða- og neyslukapphlaup, mikla vinnu með námi sem tefur oft fyrir og lítinn stuðnings hins opinbera við skólagöngu nemenda miðað við t.d. á hinum Norðurlöndunum.



KENNARASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Gríðarleg vinna var lögð af mörkum í aðdraganda menntalaganna frá árinu 2008. Samstaða var um megin þætti nýrrar menntastefnu þess tíma og markmið laganna að styrkja innviði íslenska menntakerfisins, auka sveigjanleika og gæði menntunar. Kennarasamband Íslands leggur áherslu á þann sveigjanleika sem rúmast innan laganna þar sem námstími í framhaldsskóla byggji á forsendum nemenda og hvergi sé kvikað frá gæðamarkmiðum.

Kennarasamband Íslands vill í lokin undirstrika óánægju sína með það fyrirkomulag að vera ekki meðal formlegra aðila í verkefnahópi um námstíma. Kí telur fyrirkomulagið engan veginn fullnægjandi fyrir kennarasamtökin í landinu sem hafa allt aðrar forsendur og stöðu í sambandi við þau stefnumál sem unnið er að samkvæmt hvítbók miðað við aðra aðila. Bent er á inntak hvítbókar þar sem segir um mikilvæga reynslu annarra landa að formlegt samstarf stjórnvalda og kennarasamtaka um stefnumótun og ákvarðanir í skóla- og menntamálum sé lykilatriði til árangurs.